

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 20. desember 2021 í máli nr. 32/2021

Kærunefndina skipa í þessu máli Ívar Halldórsson lögfræðingur, Jón Rúnar Pálsson lögmaður og Víðir Smári Petersen dósent.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 16. mars 2021 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili krefst endurgreiðslu á greiðslu sem innt var af hendi til varnaraðila vegna fyrirhugaðrar leigu á bifreið í eigu varnaraðila.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubréfi, dags. 17. mars 2021, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Bréf þess efnis var einnig sent til varnaraðila með ábyrgðarbréfi þann 28. apríl árið 2021 en varnaraðili vitjaði bréfsins ekki. Tölvubréfið var sent á skráð netfang fyrirsvarsmanns varnaraðila hjá Samgöngustofu með tölvupósti þann 7. júlí 2021. Kvörtunin ásamt fylgiskjölum var birt af stefnuvotti þann 4. júní árið 2021 fyrir íbúa á lögheimili þáverandi fyrirsvarsmanns varnaraðila. Engin starfsemi fer fram á skráðu lögheimili varnaraðila né á fyrrum starfsstöðvum varnaraðila. Ítrekaðar tilraunir voru gerðar til að birta kvörtunina fyrir fyrirsvarsmanni varnaraðila en án árangurs. Þegar náðist á fyrirsvarsmanninn símleiðis neitaði hann að taka við kvörtuninni. Engar athugasemdir bárust frá varnaraðila í málinu.

Framlögð gögn í málinu eru, auk kvörtunar, afrit af bókunarstaðfestingu vegna leigu á bifreiðinni, afrit af skilmálum varnaraðila og afrit af skriflegum samskiptum milli sóknaraðila og varnaraðila.

Með bréfi, dags. 1. október 2021, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðili og varnaraðili sömdu þann 10. febrúar 2020 um leigu sóknaraðila á bifreið í eigu varnaraðila frá 6. ágúst 2020 til 21. ágúst 2020. Sóknaraðili greiddi leigugjaldið að fullu við bókunina, að fjárhæð 985 bandaríkjadalir. Sóknaraðili afpantaði leiguna með tölvupósti þann 23. apríl árið 2020 og krafðist endurgreiðslu. Afpöntunin liggur fyrir í skriflegum samskiptum málsaðila í gögnum málsins. Beiðnin var að sögn sóknaraðila einnig sett fram vikuna áður og ítrekuð 20. apríl 2020. Sóknaraðila barst svar við tölvupóstinum þar sem varnaraðili kvaðst vilja endurgreiða sóknaraðila en vegna mikilla anna og erfiðleika af völdum útbreiðslu COVID-19 sjúkdómsins þurfi lengri tíma til þess. Bauð varnaraðili sóknaraðila inneign fyrir leigugjaldinu auk 25% álags. Sóknaraðili svaraði varnaraðila nokkru síðar og kvaðst mögulega geta nýtt sér inneignina og óskaði eftir upplýsingum frá varnaraðila, um tilhögun bókunarinnar, með tölvupósti þann 17. júní 2020, en fékk ekki svar. Ítrekaði sóknaraðili beiðni um upplýsingar þann 2. júlí 2020. Þegar ekkert svar hafði borist frá varnaraðila fimm dögum áður en flug sóknaraðila var áætlað til Íslands tilkynnti sóknaraðili varnaraðila að hann þyrfti að hætta við ferðina og krafðist endurgreiðslu.

Varnaraðili hefur enn ekki orðið við kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu. Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að endurgreiða sér leigugjaldið að fullu í samræmi við skilmála varnaraðila.

IV

Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerð nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka hjá nefndinni og hefur hvorki skilað inn andsvörum eða gögnum. Byggir niðurstaða málsins því á þeim upplýsingum og gögnum sem sóknaraðili hefur lagt fram í málinu.

Sóknaraðili og varnaraðili sömdu um leigu sóknaraðila á bifreið í eigu varnaraðila þann 10. febrúar árið 2020. Greiddi sóknaraðili alls 985 bandaríkjadali til varnaraðila við staðfestingu bóknarinnar. Fyrirhuguð leiga átti að vera frá 6. ágúst til 21. ágúst árið 2020. Sóknaraðili afpantaði leiguna með tölvupósti þann 23. apríl árið 2020 og krafðist endurgreiðslu. Sóknaraðila barst svar við tölvupóstinum þar sem varnaraðili kvaðst vilja endurgreiða sóknaraðila en vegna mikilla anna og erfiðleika af völdum útbreiðslu COVID-19 sjúkdómsins sagðist varnaraðili þurfa lengri tíma til þess. Að auki bauð varnaraðili sóknaraðila inneign fyrir leigugjaldinu auk 25% álags í stað endurgreiðslu ef hann gæti nýtt sér það. Sóknaraðili svaraði varnaraðila nokkru síðar og lýsti yfir áhuga á að fá inneign en óskaði eftir nánari upplýsingum. Svör bárust ekki frá varnaraðila. Sóknaraðili tilkynnti varnaraðila þann 2. ágúst árið 2020 að hann gæti ekki nýtt sér leiguna þar sem hann hafi ekki fengið umbeðnar upplýsingar frá varnaraðila. Krafðist sóknaraðili á ný endurgreiðslu leigugjaldsins í samræmi við skilmála varnaraðila. Varnaraðili hefur ekki orðið við kröfu sóknaraðila.

Í skilmálum varnaraðila, sem sóknaraðili hefur lagt fram í málinu, er greint frá möguleika á endurgreiðslu leigugjaldsins við afpöntun. Ákvæðið er að finna í 40. gr. skilmálanna og er svohljóðandi:

Cancellations: Shall the renter need to cancel or amend the reservation, the rental is fully refunded if cancelled 48 hours or more prior to scheduled checkin time. The reservation is non-refundable if cancelled 48 hours or less prior to scheduled pickup time.

Við bókun bifreiðarinnar voru sóknaraðila samkvæmt framangreindu veittar þær upplýsingar af hálfu varnaraðila að leigugjaldið yrði að fullu endurgreitt ef hætt yrði við leiguna þegar meira en 48 klukkustundir væru þar til leigutíminn átti að hefjast. Framangreint ákvæði í skilmálum varnaraðila er skýrt og er sett fram án nokkurs fyrirvara um endurgreiðslur þegar skilyrðið um tímamörk afbókunar eru uppfyllt.

Meginregla samningaréttar er sú að gerða samninga beri að halda. Afpöntun sóknaraðila var endanlega sett fram þegar um fjórir sólarhringar voru þar til leigutíminn átti að hefjast. Átti sóknaraðili þar af leiðandi rétt á endurgreiðslu leigugjaldsins að fullu samkvæmt samningi málsaðila.

Verður því að fallast á kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu leigugjaldsins.

V

Úrskurðarorð

Varnaraðila, Y, ber að endurgreiða sóknaraðila, X, 985 bandaríkjadali.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 35.000 krónur með vísan til 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa.

Víðir Smári Petersen
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson